

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um meðhöndlun úrgangs
í Ísafjarðarbæ, nr. 1033/2023.

1. gr.

16. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn ákvarðar og innheimtir gjald fyrir söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi m.a. uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið skal innheimt sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og skal ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits.

Við ákvörðun gjaldsins er heimilt að miða við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda íláta, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila, auk kostnaðar sveitarfélagsins við aðra þætti við meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Sveitarfélaginu er heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald annars vegar, innan þeirrar heimildar sem veitt er skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, og breytilegt gjald hins vegar á hverja fasteignareiningu miðað við þjónustustig og kostnað við rekstur innviða. Gjaldið skal lagt á hverja fasteign, íbúðarhús, lögbýli, frístundahús, útihús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustu sveitarfélagsins við meðhöndlun úrgangs og staðsett er í sveitarfélaginu.

Gjald fyrir söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs innheimtist með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjald fyrir íbúðir í fjöleignarhúsi er innheimt í hlutfalli við fermetrafjölda hverrar íbúðar af heildarkostnaði fasteignarinnar. Óski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Innheimta vegna ýmissa aukagjalda er eftir á við næstu mánaðamót.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísað til þessarar samþykktar.

2. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og var samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 2. maí 2024. Samþykktin staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. september 2024.

F. h. r.

Guðmundur B. Ingvarsson.

Trausti Ágúst Hermannsson.